



Streymisveita HAYU - Skilmálar

1. Efni og gildissvið

- 1.1 Þessir skilmálar („**skilmálar**“) gilda um aðgang að streymisveitu Hayu („**þjónustan**“) í gegnum Símann hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík („**Síminn**“). Í þeim tilvikum sem sá aðgangur er háður virkjun á aðgangi með milligöngu Símans telst sá sem óskar eftir slíku „**viðskiptavinur**“ í skilningi skilmála þessara, en vísað er til viðskiptavinar og Símans sameiginlega sem „**aðila**“ í skilmálum þessum, eftir því sem við á.
- 1.2 Viðskiptavinir Símans fá í gegnum áskrift að Sjónvarpi Símans Premium („**Síminn Premium**“) aðgang að völdu sjónvarpsefni frá Hayu. Þeir geta jafnframt nálgast myndefni Hayu beint frá Hayu í gegnum vafra eða Hayu-smáforritið sér að kostnaðarlausu með milligöngu Símans, og þannig nálgast allt efni frá Hayu.
- 1.3 Þjónustan sjálf er veitt af félaginu *Universal Pictures Subscription Television Limited* (hér eftir „**NBCU**“). Til þess að nálgast myndefni Hayu í gegnum smáforritið eða vafrann verður viðskiptavinur að gangast undir viðeigandi skilmála Hayu („**notkunarskilmálar Hayu**“) eins og þeir eru á hverjum tíma. Það er á ábyrgð viðskiptavinar að kynna sér notkunarskilmála Hayu áður en viðskiptavinur hefur notkun á þeirri þjónustu. Það samningssamband sem stofnast til milli Hayu og viðskiptavinar er Símanum óviðkomandi.
- 1.4 Skilmálar þessir, ásamt eftir atvikum tilboði félagsins um þjónustuna, og gildandi verðskrá Símans, fela að jafnaði í sér heildarsamning milli Símans og viðskiptavinar um þjónustuna. Samningur telst kominn á milli Símans og viðskiptavinar með kaupum viðskiptavinar á áskrift að Símanum Premium og eftir atvikum með virkjun aðgangs að þjónustunni í gegnum vef Símans. Þar sem ákvæðum skilmála þessara sleppir gilda Almennir viðskiptaskilmálar Símans og skilmálar Símans um sjónvarpsþjónustu, eins og þeir eru á hverjum tíma, á www.siminn.is.

2. Aðgengi að streymisveitu Hayu og virkjun aðgangs

- 2.1. Valið sjónvarpsefni frá Hayu er sjálfkrafa aðgengilegt viðskiptavinum Símans með virka áskrift að Símanum Premium.
- 2.2. Aðgengi að Hayu smáforritinu og Hayu-vafranum er háð því að viðskiptavinur óski með skráningu í gegnum Símann Premium eftir aðgangi að Hayu og virki í kjölfarið fríkóða um notkun á þjónustunni, samþykki þessara skilmála, samþykki notkunarskilmála Hayu og, hvað viðkemur smáforritinu, að viðskiptavinur hafi hlaðið niður smáforriti Hayu á það tæki sem hann kysir að nota til að nálgast þjónustuna. Nánari upplýsingar um þau stýrikerfi sem unnt er að sækja smáforrit Hayu á má nálgast á vef Hayu.
- 2.3. Þjónustan er í boði fyrir einstaklinga með staðfestu á Íslandi. Þjónustan er einungis ætluð til heimilis- og einkanota viðskiptavinar.
- 2.4. Til þess að virkja aðgang að Hayu smáforritinu og vafranum fer viðskiptavinur inn á sjónvarpssíðu Símans, sem aðgengileg er á www.siminn.is/sjonvarp, þar sem finna má upplýsingar um þjónustuna. Með því að ýta á „*sjá nánar*“ er viðskiptavini beint á sérstaka lendingarsíðu þar sem hann er beðinn um að veita tiltekna upplýsingar í þeim tilgangi að staðfesta áskrift að Símanum Premium, s.s. nafn, kennitölu og netfang. Fáist það staðfest ber viðskiptavini að samþykkja skilmála þessa. Að því



loknu fær viðskiptavinur fríkóðann fyrir smáforritið Hayu og vafrann sendan í tölvupósti frá Símanum. Síminn kann að bjóða upp á aðrar eða breyttar aðferðir við virkjun aðgangs að umræddri þjónustu án sérstakrar tilkynningar til viðskiptavina.

- 2.5. Þjónustan er veitt viðskiptavinum með áskrift að Símanum Premium að kostnaðarlausu. Sá aðgangur sem er innifalinn kann hins vegar að vera takmarkaður við tiltekið efni eða tilteknar áskriftarleiðir hjá Hayu, og kann slíkt að breytast frá einum tíma til annars. Athuga skal að þrátt fyrir að þjónustan kunni að vera innifalinn í áskriftarleið viðskiptavinar verður viðskiptavinur að virkja aðgang að vissum þáttum þjónustunnar með þeim hætti sem greinir í gr. 2.4 í skilmálum þessum Nálgastrétt má upplýsingar um það að hvaða marki þjónustan er innifalinn í sjónvarpsáskriftarleiðum Símans í verðskrá Símans á hverju tíma sem aðgengileg er á www.siminn.is.
- 2.6. Hafi viðskiptavinur áður virkjað aðgang að þjónustunni hjá Hayu, óháð áskriftarleiðum eða þjónustu Símans, ber hann sjálfur ábyrgð á að segja slíkri áskrift upp, áður en aðgangur að þjónustunni er virkjaður í gegnum Símann. Síminn ber þannig enga ábyrgð á því ef viðskiptavinur hefur ekki sagt upp slíkri áskrift, svo sem ef viðskiptavinur þarf að greiða Hayu fyrir þjónustu sem er nú þegar innifalinn í áskriftarleið viðskiptavinar.

3. Verð og áskriftarleiðir

- 3.1. Þjónustan er innifalinn í aðgangi að Símanum Premium. Verð fyrir áskrift að Símanum Premium er að finna í verðskrá Símans, eins og hún er á hverjum tíma. Slíkt verð er mismunandi eftir þeim áskriftarleiðum sem viðskiptavinur velur.
- 3.2. Um samsetningu, skilyrði og/eða verðlagningu áskrifta er fjallað í gildandi verðskrá Símans hverju sinni. Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* um útgáfu reikninga, greiðslur og vanskil.

4. Réttur til að falla frá samningi

- 4.1. Viðskiptavinur sem er neytandi á rétt á því að falla frá fjarsölusamningi innan fjórtán (14) daga eftir að kaupin fara fram og fá fulla endurgreiðslu. Sá réttur á hins vegar ekki við ef viðskiptavinur byrjar að nota þjónustuna, innan fjórtán daga frá því að kaupin fóru fram. Með því að byrja að nota þjónustuna samþykkir og viðurkennir viðskiptavinur að hann muni missa rétt sinn til að falla frá samningi.
- 4.2. Unnt er að falla frá samningi með því að hafa samband við þjónustuver Símans, gegnum Netspjall á www.siminn.is eða á sjálfsafgreiðsluvef Símans.
- 4.3. Athygli er vakin á því að rétturinn til að falla frá samningi samkvæmt skilmálum þessum gildir eingöngu um samningssamband Símans og viðskiptavinar.

5. Gildistími, uppsögn og riftun

- 5.1. Samningur Símans og viðskiptavinar samkvæmt skilmálum þessum er ótímabundinn.
- 5.2. Aðgangur viðskiptavina að þjónustunni, sem og að efni Hayu í gegnum Hayu-smáforritið og Hayu-vafrann, helst svo lengi sem viðskiptavinur er í áskrift að Símanum Premium.
- 5.3. Við uppsögn á samningi þessum fellur samningssamband Hayu og viðskiptavinar um þjónustuna jafnframt sjálfkrafa niður.



- 5.4. Símanum er heimilt að synja, takmarka (tímabundið eða varanlega), eða segja upp þjónustu viðskiptavinar fyrirvaralaust og eftir atvikum rifta um leið samningi þessum ef að:
 - 5.4.1. Viðskiptavinur vanefnir samning við Símann verulega;
 - 5.4.2. Hayu lokar, takmarkar, segir upp eða riftir samningi sínum við viðskiptavin sama af hvaða ástæðu sem er; eða
 - 5.4.3. Síminn missir rétt sinn til að selja aðgang að þjónustunni eða forsendur Símans til að veita þjónustuna hér á landi breytast.
- 5.5. Við samningslok af hvaða ástæðu sem er skulu öll réttindi sem viðskiptavininn hafa verið veitt samkvæmt samningi aðila þegar falla niður og allar ógreiddar kröfu skulu þegar falla í gjalddaga.
- 5.6. Að öðru leyti fer um uppsögn og riftun samkvæmt ákvæðum *Almennra viðskiptaskilmála Símans*.

6. Höfunda- og hugverkaréttur

Allt myndefni sem boðið er upp á í tengslum við þjónstuna tilheyrir NBCU eða leyfisveitendum NBCU og fer um hugverkarétt og notkun þess samkvæmt ákvæðum notkunarskilmála Hayu.

7. Vinnsla persónuupplýsinga

- 7.1. Í tengslum við þjónustuna kann Símanum að vera nauðsynlegt að vinna með upplýsingar tengdar viðskiptavininum sem teljast til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**”), s.s. upplýsingar um nafn, kennitölu og netfang í því skyni að geta gengið úr skugga um að viðskiptavinur hafi virka áskrift að Símanum Premium og til þess að geta veitt aðgang að fríkóða til að virkja Hayu-smáforritið og Hayu-vafrann. Þá kann Símanum að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar um notendur þjónustunnar í þágu aðgangsstýringa og auðkenningar, svo sem nafn og símanúmer. Kemur Síminn fram sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga í tengslum við framangreinda vinnslu. Engum persónuupplýsingum verður miðlað til NBCU í tengslum við veitingu þjónustunnar. Um vinnslu Símans á persónuupplýsingum sem ábyrgðaraðili er að öðru leyti fjallað í Persónuverndarstefnu Símans, sem aðgengileg er á www.siminn.is.
- 7.2. Hayu kemur fram sem sjálfstæður ábyrgðaraðili varðandi þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá Hayu í tengslum við veitingu þjónustunnar en um þá vinnslu gilda viðeigandi skilmálar Hayu.

8. Takmörkun ábyrgðar

- 8.1. Hayu ber alla ábyrgð á þeirri þjónustu sem það veitir viðskiptavininum sínum með eigin tæknilausnum, þ.m.t. gæðum, virkni og öryggi Hayu-smáforritsins og Hayu-vafrans. Allar fyrirspurnir eða beiðnir viðskiptavinar vegna tæknilegra vandamála í tengslum við þá þjónustu skal beint til Hayu í samræmi við notkunarskilmála Hayu. Þá ber Hayu ábyrgð á öllu myndefni sem í boði er hverju sinni. Undanskilur Síminn sig alfarið ábyrgð á slíku.
- 8.2. Síminn kann eftir atvikum að veita aðstoð í tengslum við fyrirspurnir eða tæknileg vandamál varðandi það myndefni sem viðskiptavininn Símans Premium hafa sjálfkrafa



aðgang að í viðmóti sjónvarpsþjónustu Símans. Þá veitir Síminn aðstoð í tengslum við virkjun aðgangs að þjónustunni í gegnum þær leiðir sem Síminn býður upp á hverju sinni.

- 8.3. Allar fyrirspurnir eða beiðnir viðskiptavinar vegna tæknilegra vandamála í tengslum við þjónustuna skal beint til Hayu í samræmi við notkunarskilmála Hayu. Síminn veitir aðeins aðstoð í tengslum við virkjun aðgangs að þjónustunni í gegnum þær leiðir sem Síminn býður upp á hverju sinni.
- 8.4. Síminn undanskilur sig ábyrgð vegna alls tjóns, bæði beins og óbeins, sem gæti verið afleiðing af notkun þjónustunnar, eða ef ekki er hægt að nota hana af einhverjum ástæðum, og ber ekki ábyrgð á því að þjónustan, smáforrit Hayu eða Hayu-vafrinn virki í öllum tækjum eða búnaði.
- 8.5. Síminn getur ekki tryggt að þjónustan verði ávallt í boði fyrir viðskiptavini. Síminn undanskilur sig ábyrgð á hvers kyns breytingum sem kunna verða á aðgengi og/eða áskriftarleiðum þjónustunnar hér á landi og öðrum atvikum sem rekja má til Hayu.
- 8.6. Komi til þess að bótaskylda á hendur Símanum skapist gagnvart viðskiptavini á grundvelli skilmála þessara, gilda að öðru leyti þær ábyrgðartakmarkanir sem koma fram í *Almennum viðskiptaskilmálum Símans* til viðbótar við það sem fram kemur hér.

9. Lögsaga

- 9.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög.
- 9.2. Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd eða túlkun þeirra skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10. Gildistími og skilmálabreytingar

- 10.1. Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og tóku gildi þann 18. júlí 2025 og gilda þar til nýir skilmálar taka gildi.
- 10.2. Síminn áskilur sér rétt til að breyta skilmálunum og verðskránni sinni, en hvers kyns breytingar skulu tilkynntar viðskiptavini með a.m.k. 30 daga fyrirvara með skilaboðum á reikningi og/eða almennri tilkynningu á vefsvæði Símans. Einstaklingum er heimilt að segja upp þjónustunni fyrirvaralaust og án greiðslu skaðabóta, þegar Síminn tilkynnir um fyrirhugaða breytingu á verðskrá.